

Flokkur fólksins leggur til að fyrsti klukkutími í bílastæðum borgarinnar yrði gjaldfrjáls fyrir hvert ökutæki, einu sinni á sólarhring.

Miðborg Reykjavíkur er að taka miklum breytingum orsök þess er fyrst og fremst vegna gífurlegrar aukningar á ferðamönnum í borginni og vegna nýbygginga. Miðborgin er í mikilli samkeppni við aðra verslunarkjarna í borginni og nærliggjandi sveitarfélögum. Það hallar á miðborgina sífellt sem vekur upp spurningar. Ef leitað er til nágrannalanda þá virðist sama „þróun“ vera þar í gangi. Meðal annars má nefna að í Danmörku er nú þegar verið að hrinda í framkvæmd að bjóða ókeypis fyrsta klukkutímamann í staði í miðborgum þarlendis og hafa nokkrar borgir þegar hrint þessu í framkvæmd, nú síðast Silkiborg, en íbúafjöldi þar er nokkurn vegin á pari við Reykjavík. Tillaga Flokks fólksins er að skoðuð verð svipuð leið til að auka komu borgarbúa í miðborgina til að sinna sínum erindum í stað þess að leita í verslunarkjarna sem bjóða upp á ókeypis bílastæði. Meirihluti þeirra sem nýta sér þjónustu í miðborginni í dag eru erlendir ferðamenn, þeirra þarfir eru aðrar en borgarbúa því hefur þjónuststig gagnvart íbúum miðborgarinnar og annarra Reykvíkinga sem vilja njóta miðborgarinnar minnkað til muna. Hér þarf að vera bragabót á.

Greinargerð

Undanfarin ár hafa verslunarrými í miðborg Reykjavíkur verið að breytast og helgast það fyrst og fremst af auknum ferðamannastraumi til landsins sem æ meir virðast kjósa Reykjavík sem dvalar og upplifunar stað. Afleiðingin er að mynjagripaverslanir, veitingastaðir og hótél hafa komið í stað rótgróinna verslana sem flestir Reykvíkingar hafa sótt til um árabíl. Ekki bara vegna þeirrar þjónustu einvörðungu heldur líka til að sækjast í samveru og að upplifa mannlíf borgarinnar með hvort öðru. Enn eru þó í miðbænum nokkrar rótgrónar verslanir og nú nýverið eru aðrar að hreiðra um sig í nýbyggingunum við Lækjargötu í Kvosinni. Ef að borgarbúar geta ekki nálgast þessa þjónusta með nokkuð auðveldum hætti þá leita þeir annað þar sem auðvelt er að leggja bílum án gjalds. Þess vegna eru Danir að leita leiða til að snúa þeirri óþróun við.

(Sjá: <http://www.ruv.is/frett/haetta-ad-rukka-fyrir-bilastaedi?fbclid=IwAR1D3SxzrmyZW600mt5JuA6yYdNZLrukMZU9Fhjo2gGJKtWBGVip tHqEx80>)

Við búum á Íslandi í einhverju vindasamasta landi veraldar og veturinn er umhleypingasamur á höfuðborgarsvæðinu. Það eru ekki allir í topp formi, hjólandi í hvað veðri sem er og sterkir sem geta borið hvaða varning sem er fótgangandi langa vegalengd. Við erum alls konar og með alls konar þarfi og getu. Þessa staðreyndi verður að hafa í huga þegar verið er að ákveða ýmislegt sem þykir sjálfsagt í löndum sem liggja sunnar á jarðkringlunni. Nauðsynlegt er að horfa á þessar staðreyndir og þær aðstæður sem við Íslendingar búum við. Þróunin hefur víðs vegar orðið þannig í borgum vesturlanda og kannski víðar að öll þjónusta nema veitingastaðir og hótél hafa flutts úr miðborginni í úthverfin. Þannig er fjöldi miðbæja í Bandaríkjunum steindauður. Viljum við sjá miðborg Reykjavíkur þróast í sömu átt? Þegar sjást þess merki, en enn er hægt að spyrna við fæti og snúa óþróuninni í rétta átt með tiltölulega einföldum aðgerðum eins og að bjóða upp á ókeypis fyrsta klukkutíma í staði í miðbænum.